

Sp.

189. Fyrirspurnir.

[96. mál]

I. Til utanríkisráðherra um útfærslu fiskveiðitakmarka.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

1. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til frekari útfærslu fiskveiðitakmarkanna?
2. Hvenær má vænta slíkra ráðstafana?
3. Telur ríkisstjórnin ekki tímabært að gefa þingi og þjóð skýrslu um þær umræður, sem fram hafa farið á alþjóðavettvangi undanfarið um landhelgis-mál og yfirráðaréttinn yfir auðæfum hafsins?

II. Til ríkisstjórnarinnar um framleiðsluhag.

Frá Jóni Pálmasyni.

Þar sem upplýst hefur verið, að erlendir og innlendir fjármálasérfræðingar, sem til voru kallaðir, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að framleiðsluna hér á landi vantaði 500 milljónir króna til að geta starfað hallalaust, er spurt um eftirgreind atriði:

1. Er þetta miðað við árlegar tekjur?
2. Á þetta eingöngu við landbúnað og sjávarútveg, og hvernig skiptist upphæðin milli þeirra atvinnuvega?
3. Byggist þetta ekki á óbreyttum skipastól og óbreyttu framleiðslumagni landbúnaðarins?
4. Er ekki þarna byggt á því, að kaupgjald og opinber gjöld séu óbreytt eins og var, þegar álitnið var gefið?
5. Er byggt á óbreyttu afurðaverði innanlands og á útfluttum afurðum?
6. Eru ekki teknar þarna með þær fjárhæðir, sem fara til að greiða niður vísitöluna?